

1862.

ingar á 5. og 7. grein frumvarpsins; því 5. grein virtist vera ljósar orðuð í frumvarpinu, en ef hún væri höfð eins og alþingi stakk upp á, og um breytinguna á 7. grein, þá virtist óþarft og jafnvel ekki nema til að villa, að tala í þeirri grein um nafnaskrá yfir kjörgenga undir eins og talað er um nafnaskrá yfir kjósendur, með því sérhver sá, sem hefir kosningarrett, einnig er kjörgengur eptir 4. grein, og þarf því að eins að semja eina nafnaskrá. Loksins virtist ekki vera ástæða til að taka til greina uppástungu þingsins í 13. niðurlagsatriði um breyting á fyrirsögn reglugjörðarinnar, því aðalatriðið í málinu er það, að verzlunarstaðurinn er gjörður að kaupstað og fær bæjarstjórn út af fyrir sig og verður lögsagnarumdæmi sér.

5. septembr. **49. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um hvort greiða skuli hafnartoll í Reykjavík fyrir póstskipið.**

Í skjali nokkru, er hingað barst með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, 12. júním. þ. á., hefir Árni Thorsteinson, land- og bæjarfógeti, spurt um, hvort gufupóstskipinu „Arcturus“ beri að greiða hafnartoll m. m. í Reykjavík. Þessu skal svarað á þann hátt, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörð það hlutaðeiganda, að útgjörðarmenn gufuskipsins voru í fararsamningi þeim, er gjörður var við þá 28. marzm. 1858 og sendur var stiptamtmanni með bréfi dómsmálastjórnarinnar 31. s. m., undanþegnir þeirri skyldu, að greiða hafnartoll meðan engin hafnarvirki eru í Reykjavík, svo er og ákvörðunin um hið sama endurnýjuð í þeim fararsamningum, er síðan hafa gjörðir verið við útgjörðarmenn skips þessa. En með því sá tími, sem síðasti samningurinn er gjörður um, er á enda við lok þessa árs, þá mun þetta atriði verða nákvæmar íhugað, þegar gjörður verður nýr samningur um gufuskipsferðir til Íslands.